

3. gr.

137

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

7. júní

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Mýrasýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.

REGLUR

138

7. júní

um göngusilungsveiði á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga.

1. gr.

Á félagssvæði Veiðifélags Árnesinga er óheimilt að stunda göngusilungsveiði, nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst ár hvert. Á þessum veiðitíma skal þó óheimilt að stunda slíka veiði frá kl. 9 á föstudagskvöldi til kl. 9 á mánudagsmorgni í viku hverri.

2. gr.

Til veiði þeirrar, er getur í 1. gr., má aðeins nota stöng og lagnet, er lögð séu frá bakka, og skal möskvastærðin vera þannig, að 4,5—5,0 cm verði milli hnúta í möskvum, þá net eru vot. Kláfa, grjótgarða eða annan lagnarútbúnað má ekki nota.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1943.

Reglur þessar staðfestast hér með samkvæmt 2. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. júní 1943.

Vilhjálmur Þór.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

139

8. júní

um lokunartíma sölubúða í Búðakauptúni.

1. gr.

Sölubúðum í Búðakauptúni skal lokað eftir því sem ákveðið er í 2., 3. og 4. gr. samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 9 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu þær undantekningar frá þessu, er nú skal greina:

139 Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4
8. júní síðdegis, og laugardaga fyrir páska og hvítasunnu eigi síðar en kl. 5 síðdegis. Fjórða og síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 9 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka sölubúðum eigi síðar en kl. 1 e. h. og á föstudögum eigi síðar en kl. 7 e. h.

Ef skortur er á eldsneyti eða ljósmeti í bænum, eða útlit fyrir að skortur geti orðið á því, er hreppsnefnd heimilt að ákveða, að sölubúðum skuli lengri eða skemmri tíma lokað fyrr en kl. 6 síðdegis og þær opnaðar síðar en kl. 9 árdegis á virkum dögum.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði, mega engar sölubúðir vera opnar. Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á hádegis, ef þessa daga ber upp á virkan dag.

4. gr.

Frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða í samþykkt þessari skal sú ein undanþága vera, að brauðsölubúðum og mjólkursölubúðum má halda opnum á almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta, fyrsta mánudag í ágústmánuði, 1. maí, 17. júní og 1. desember frá kl. 9 árdegis til kl. 1 síðdegis, eingöngu til sölu á brauðum, kökum, mjólk, rjóma og skyri.

Ákvæði samþykktarinnar ná ekki til lyfjabúða. Þeim er þó óheimilt að selja, eftir lokunartíma sölubúða, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verzlunarleyfi.

5. gr.

Þá, sem komnir eru inn í sölubúð fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

6. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja í lyfjabúðum, brauðbúðum og mjólkurbúðum, á torgum eða götum eða annars staðar utan sölubúða, nema úr sjálfsölum, nokkurn þann varning, er ekki má selja án verzlunarleyfis. Heimilt er þó að selja bátum eða skipum, eftir lokunartíma, veiðarfæri, kol, olíu og matvæli, svo og bifreiðum benzin og olíu.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 20—500 krónum, og renna sektirnar í hreppssjóð Búðahrepps. Mál út af brotum á samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. júní 1943.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.